

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 55 760.00, sem safnað var meðal skólasystkina Hildar, skátafélaga, ættmennum, vina og annarra velunnara.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla tónlistarlíf við Kópavogskirkju með því að styrkja tónleikahald í kirkjunni.

## 5. gr.

Sjóðurinn er í vörslu Kársnessafnaðar.

## 6. gr.

Sjóðstjórnin sér um ávöxtun sjóðsins á þann hátt, sem hún telur arðbærast á hverjum tíma.

## 7. gr.

Vöxtum má verja, eftir því sem sjóðstjórn þykir hæfilegt, til þess að styrkja tónleika í Kópavogskirkju.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Kársnesprestakalls, formaður sóknarnefndar og organisti Kársnessóknar.

Sjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

## 9. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundar- samþykktir og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal stjórnin láta skrá í sér- staka bók.

Stjórnin leggur árlega endurskoðaðan reikning sjóðsins fyrir aðalsafnaðarfund til staðfestingar.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykki sjóð- stjórnar og samþykkt safnaðarfundar. Meðan foreldrar Hildar eða systkini eru á lífi þarf samþykki þeirra til breytingar á skipulagsskránni.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Grindavíkur.

#### I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 30.30 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 15.11 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 92.30 á hvern fermeter gólflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 45.50 á ári af hverjum fermetra.

**B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.**

Um kWst.-mæli á kr. 6.92 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 67.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ganga, baðherbergi og geymslur skal ekki telja. Herbergi sem minna er en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

**C. Vélanoftkun o. fl.**

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 8 475.00.

C—2. Vélanoftkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli á kr. 2.52 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 8 475.00. Notað afl telst vera mesta meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.
- b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kWst.-mæli á kr. 2.52 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 8 020.00 á hvert kW í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlíð (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:

- a) Af notuðu aflu mælt í stundarfjórðung kr. 8 475.00 á kW á ári.
- b) Af allri notkun kr. 2.52 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlíð heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósanotkunar kr. 93.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 37.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 73.00 á hvern ferm. á ári.

**D. Hitun**

án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 4.20 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.40 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæli:

- a) Á kr. 2.40 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 572.00 hvert kW.
- b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 1.04 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

**E. Önnur raforkusala.**

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.20 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 2.80 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tveggjaldsmæli á kr. 2.15 hverja kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 7.30 hverja stund frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 15.00 hverja kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrar-notkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 amp. og minni .....	kr. 45.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 55.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp. ....	— 92.00 — —
4. Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir .....	— 156.00 — —
5. Af mestaafismælum 100 amp. og minni .....	— 145.00 — —
6. Af mestaafismælum yfir 100 amp. ....	— 275.00 — —
7. Af álagsstýriliðum minni gerð .....	— 156.00 — —
8. Af álagsstýriliðum stærri gerð .....	— 275.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

## III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1. ....	3 × 60	22	34 892.00
2. ....	3 × 100	38	51 400.00
3. ....	3 × 200	75 sp.	101 000.00
4. ....	3 × 350	132	165 300.00

Sp. = spennir.

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, og greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa .....	kr. 7 350.00
Fyrir 60 amp. þrífasa .....	— 9 200.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir úttivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúss, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 100.00 á hvern máli.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 100.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

#### VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur.

*Íðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1974.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

### AUGLÝSING

um sérlyf, sem samþykkt hafa verið til upptöku á sérlyfjaskrá.

Eftirtalin sérlyf hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:

AMOXIL (Beecham, 1646)

Dreifuduft 4. fl.

Hylki 4. fl.

1 ml inniheldur: Amoxicillini  
trihydras 50 mg.

Hvert hylki inniheldur:  
Amoxicillini trihydras 0,375 g.